



Bjarni S. Einarsson,  
bæjarfræðingur, skipulags- og byggingarfulltrúi

## Grænn miðbær og þjónustumiðstöð eldri borgara

Sumarið 2006 samþykkti bæjarstjórn Alftaness að eigna til framkvæmda-keppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands um skipulag á miðsvæði Alftaness. Stýrihópur um arkitektasamkeppni vann að gerð keppnis-lýsingar og í kjölfarið var skipuð dómnefnd um keppnina og framkvæmdakeppnin auglýst. Af þeim átta tillögum sem bárust var dómnefnd einhuga um að veita tillögu GASSA arkitekta 1. verðlaun. Tillagan „er mjög áhugaverð, fagmannlega unnin og framsetning er glæsileg” segir í miðurstöðu dómnefndar. Í framhaldi var unnin deiliskipulagstillagan „Grænn miðbær” sem samþykkt var í bæjarstjórn vorið 2008.

Í skipulaginu er lögð áhersla á að tengja saman landslag og miðbæ við þá byggð sem fyrir er á Alftanesi. Grænt yfirbragð með vönduðu stíga- og gatnakerfi einkennir svæðið þar sem flest blaðstæði eru neðanjarðar. Lögð er áhersla á frumlega og vandaða byggingarlist og fjölbreytta byggð sem brotgar upp í smærri einingar og form. Í gegnum miðbæinn liggja tveir ásar sem myndast af vatnsás og gönguás. Annarsvegar tengja ásarinn saman landslagið og sjóinn og hins vegar ytri og innri byggð miðsvæðisins.

Við aðalgötuna, Grandabru, er áætlað að risi miðbæjarljarni með helstu þjónustu fyrir íbúa Alftaness, stofnunum, verslunum og annarri atvinnustarfsemi. Á svæðinu sunnan Suðurnesvegjar er gert ráð fyrir ýmskornar atvinnustarfsemi tengdri menningu, vísindum og listum. Í framtíðinni mun vonandi rísa lífflegt miðbæjarumhverfi fyrir alla íbúa Alftaness og svæði sem laðar að sér gesti og ferðamenn sem leggja leið sína út á nesið.

Vorið 2009 voru undirritaðir samningar við Búmeinn hf. um að hefja framkvæmdir við uppbyggingu á þjónustuhúsi fyrir eldri borgara, auk íbúðabyggðar með fjölbreyttum búsetukostum fyrir 50 ára og eldri.

Þegar þetta er skrifað búa um 100 íbúar á ellilífeyrisaldri á Alftanesi, eða um 4% íbúa. Samkvæmt íbúaspá er gert ráð fyrir að þeir verði milli 4–500 í lok þessa skipulagstímabils árið 2024. Þá mun húsið þjóna fullbyggðu sveitarfélagi.

Þjónustuhúsið er tvær hæðir, auk þess sem reistur verður þjartur og rúmgóður hátfærissalur á pakkhæð hússins. Frá salnum er hægt að ganga út á verönd á þaki hússins. Lagt er upp með að þjónustuhúsið verði lífandi hús og geti tekið breytingum í takt við þarfir samfélagsins hverju sinni.

Á fyrstu hæð verður fundarsalur, eldhús og veitingasalur fyrir 60–70 manns sem opnast út í miðrymi. Þar er einnig innkoma í húsið, upp- lýsingaborð og aðstaða til að stilla fram vörur og gripum sem unnir eru í tónstundastarfi aldraðra. Í austurenda er rými sem hugsað er sem bóka- tónlistar og fjölmiðlamiðstöð, setustofa og garðaskálg en til að byrja með ætíðlomað að-Bessastaðarsókr-nýti þann hlutta fyrir-sóknar-stæfið. Önnur hæðin er hönnuð þannig að innra rýmið hefur mikinn sveigjanleika til þess hægt sé að aðlaga starfsemi og nýtingu að breyti- legum þörfum í starfi og þjónustu við eldri borgara. Í fyllingu tímans er gert ráð fyrir að hæðin öll nýjist undir starf eldri borgara, en gert er ráð fyrir að bæjarskrifstofur flytjist í húsið tímabundið þar til byggingu ráðhúss við Grandabru er lokið.

Þjónustuhúsið tengist þremur tveggja hæða íbúðálmum með 30 íbúðum og eru þær allar með sérinnngangi af göngusvölum. Undir húsinu verður rúmgóð blageymsla. Í næsta nágrenni við þjónustu- húsið, er gert ráð fyrir 90 íbúðum fyrir 50 ára og eldri. Þjónustu- húsið er hannað á forsendum deiliskipulags um „Grænan miðbæ” á Alftanesi og markar upphafið að framkvæmdum við hann á grundvelli skipulagsins.